

AFKOMA ÁRSINS 2013

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Afkoma bankans eftir skatta var jákvæð um 23,1 ma. kr. árið 2013 (4F13: 7,7 ma. kr.) samanborið við 23,4 ma. kr. árið 2012 (4F12: 7,2 ma. kr.).
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 14,7% á árinu (4F13: 19,5%) samanborið við 17,2% árið 2012 (4F12: 19,7%). Lækkun arðsemi milli ára skýrist fyrst og fremst af hækkun eigin fjár sem nemur 14,4% milli ára.
- Eiginfjárlutfall var áfram sterkt eða 28,4% (2012: 25,5%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 25,1% (2012: 22,0%).
- Hreinar vaxtatekjur námu 28,4 ma. kr. (2012: 32,9 ma. kr.) sem er lækkun um 13,7% milli ára. Vaxtamunur var 3,4% (4F13: 3,1%) og fer lækkandi samhliða því að afföll á lánasafni sem keypt var frá Glitni fara úr bókum bankans.
- Hreinar þóknatekjur námu í 10,4 ma. kr. á árinu (4F13: 2,8 ma. kr.) samanborið við 9,5 ma. kr. árið 2012 (4F12: 2,8 ma. kr.). Hækkunin er um 10% á milli ára og má að mestu rekja til viðskiptabanka, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- Kostnaðarlutfall var 58,5% (2012: 53,8%).
- Skattar og gjöld greidd til ríkis og stofnana námu samtals 12,4 ma. kr. á árinu, samanborið við 9,2 ma. kr. 2012, sem er hækkun um 34% á milli ára.
- Virðisbreyting útlána og krafna var jákvæð um 16,3 ma. kr. á árinu (2012: 5,7 ma. kr.), en tekjufærsla vegna endurmats eigna var mun hærri en sértæk virðisrýrnun á árinu.
- Frá stofnun bankans hafa um 35.500 einstaklingar og um 4.100 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema um 548 ma. kr.
- Endurskipulagning gengur vel, hlutfall lána í endurskipulagningu var 8% (des. 2012: 14%), meira en 90 daga vanskil voru 4% (des. 2012: 8%).
- Heildareignir voru 866 ma. kr. við lok árs 2013 (2012: 823 ma. kr.) en útlán til viðskiptavina hækkðu um 3% á seinni ársföngu.
- Heildarinnlán voru 519 ma. kr. (2012: 509 ma. kr.).

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

„Árið 2013 var gott ár hjá Íslandsbanka og má segja að við höfum uppskorið árangur þeirra miklu og góðu vinnu sem starfsmenn á öllum sviðum bankans hafa lagt af mörkum á undanförunum árum.“

Auknar álögur á bankann draga úr hagnaði og var greiddur bankaskattur 2,3 milljarðar á árinu. Samtals greiddi Íslandsbanki 12,4 milljarða í skatta og gjöld til hins opinbera ásamt eftirlitsgjöldum.

Við sjáum aukin umsvif í atvinnulífnum en ný útlán á árinu 2013 námu um eitthundrað milljörðum króna og allt bendir til að fyrirtæki og einstaklingar hafi meira svigrúm til fjárfestinga en áður. Við höfum lagt áherslu á aukningu þóknatekna sem skilaði sér í 10% aukningu þóknatekna á milli ára en þær námu 10,4 milljörðum samanborið við 9,5 milljarða árið 2012. Íslandsbanki var fremstur í miðlun hlutabréfa á árinu og er leiðandi í skráningu hlutafélaga á markað.

Góð framvinda hefur verið í hagræðingarverkefnum innan bankans en hins vegar lítast uppgjörið af einskisliðum, bæði í tekjum og kostnaði.

Við höfum lagt mikla áherslu á að fjölga stoðum í fjármögnun bankans með góðum árangri. Aðgengi að erlendum fjármagnsmörkuðum gerir okkur betur í stakk búin til að styðja við viðskiptavinum okkar sem stunda alþjóðleg viðskipti og þarfnast fjármögnunar í erlendra mynt.


Kannanir sýna ítrekað að bæði einstaklingar og fyrirtæki, telja bankann vera í fararbroddi og vera leiðandi í þjónustu í dag. Þessar niðurstöður gleðja okkur mikið og hvetja okkur til að gera sífellt betur.“

Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma: 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi – Dögg Hjaltalín, dogg.hjaltalin@islandsbanki.is og í síma: 440 3925.


HAGNAÐUR EFTIR SKATTA

m.kr.



ARÐSEMI EIGIN FJÁR

%



■ Arðsemi ■ ROE (regular operations)

HELSTU TÖLUR	31.12.13	31.12.12
Efnahagsreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Heildareignir	866	823
Heildarútlán	599	612
Heildarinnlán	519	509
Eigið fé	167	148
Innlánahlutfall	87%	83%
Eiginfjárlutfall A (T1)	25.1%	22.0%
Eiginfjárlutfall	28.4%	25.5%

HELSTU TÖLUR	2013	2012
Rekstrarreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Arðsemi eigin fjár	14.7%	17.2%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	7.8%	12.2%
Hagnaður eftir skatta	23.1	23.4
Hagnaður af reglulegri starfsemi	12.2	16.6
Kostnaðarlutfall	58.5%	53.8%
Vaxtamunur	3.4%	4.1%

REKSTRARREIKNINGUR

ISKm	FY13	FY12	FY11	FY10	FY09
Hreinar vaxtatekjur	28,430	32,940	31,225	34,874	31,984
Hreinar þóknatekjur	10,433	9,459	5,966	7,380	7,061
Hreinn gengishagnaður (tap)	(2,423)	2,737	937	(963)	2,621
Hreinar fjármunatekjur	4,612	1,517	2,649	(910)	286
Hagnaður vegna hlutdeildarféлага	3	0	39	0	0
Aðrar rekstrartekjur	1,542	996	894	1,186	2,760
Rekstrartekjur samtals	42,597	47,649	41,710	41,567	44,712
Laun og launatengd gjöld	(13,361)	(13,080)	(10,531)	(9,207)	(8,036)
Annar rekstrarkostnaður	(12,190)	(11,508)	(9,339)	(8,659)	(7,404)
Stjórnunarkostnaður	(25,551)	(24,589)	(19,870)	(17,866)	(15,440)
Virðisrýmun viðskiptavildar	0	(425)	(17,873)	0	0
Iðgjald í Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta	(1,016)	(1,055)	(965)	(607)	(673)
Bankaskattur	(2,321)	(858)	(682)	(221)	0
Rekstrarkostnaður samtals	(28,888)	(26,927)	(39,390)	(18,694)	(16,113)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána og krafna	13,709	20,722	2,320	22,873	28,599
Virðisbreyting útlána og krafna	16,299	5,710	(1,220)	13,993	324
Hagnaður fyrir skatta	30,008	26,431	1,100	36,866	28,923
Tekjuskattur	(7,866)	(6,253)	(75)	(7,214)	(4,678)
Hagnaðu (tap) af aflagðri starfsemi	927	3,239	841	(283)	(263)
Hagnaður	23,069	23,417	1,866	29,369	23,982


*Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður án einkisliða s.s. bankaskatts, hreinnar virðisbreytingar á lánaþókninni, gangvirðisbreytinga vegna breyttrar flokkunar á hlutabréfum, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýmunar viðskiptavildar og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi.

TEKJUR

- Heildar rekstrartekjur voru 42,6 ma. kr. á árinu, samanborið við 47,6 ma. kr. 2012.
- Um 90% af rekstrartekjum bankans koma frá vaxtatekjum og þóknatekjum. Bankinn hefur lagt áherslu á grunntekjur og stöðugt tekjustreymi til lengri tíma.
- Hreinar vaxtatekjur námu 28,4 ma. kr. (2012: 32,9 ma. kr.) sem er lækkun um 13,7% milli ára. Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, var 3,4% (2012: 4,1%). Vaxtatekjur fara lækkandi í takt við áætlanir eftir því sem afföll á lánasafni sem keypt var frá Glitni fara úr bókum bankans.
- Verðtryggingarójöfnuður bankans var 6,4 ma. kr. við lok árs 2013. Honum hefur verið stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og vöruþróun á nýjum verðtryggðum innlánnum sem eru bundin til lengri tíma.
- Hreinar þóknatekjur jukust í 10,4 ma. kr. (4F13: 2,8 ma. kr.) samanborið við 9,5 ma. kr. 2012 (4F12: 2,8 ma. kr.). Þetta er hækkun um 10% á milli ára og má að mestu rekja til viðskiptabanka, eignastýringar og þóknadrifinna dótturféлага bankans.
- Hreint gengistap á árinu nam 2,4 ma. kr., samanborið við 2,7 ma. kr. hagnað 2012. Gjaldreyrisójöfnuður bankans var 23,7 ma. kr. í lok ársins (des. 2012: 27,8 ma. kr.).
- Hreinar fjármunatekjur, sem að stærstum hluta eru gengishagnaður af hlutabréfum í N1 hf. of Icelandair Group hf., námu 4,6 ma. kr., samanborið við tekjur upp á 1,5 ma. kr. 2012.
- Aðrar rekstrartekjur, sem samanstanda að megninu til af sölu fasteigna, leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga og fullnustueigna námu 1,5 ma.kr. samanborið við 1 ma. kr. 2012.


HREINAR VAXTATEKJUR

m.kr.



HREINAR ÞÓKNATEKJUR

m.kr.



REKSTRARREIKNINGUR – frh. KOSTNAÐUR

- Kostnaðarhlutfall í lok tímabilsins var 58,5% (2012: 53,8%) Útreikningur kostnaðarhlutfallsins er (Stjórnunarkostnaður + Framlag til TIF – Einskiptiskostnaður) / Rekstrartekjum.
- *Stjórnunarkostnaður* hækkaði um 3,9% í 25,6 ma. kr. (2012: 24,6 ma. kr.) sem þýðir óbreyttur kostnaður ef tekið er tillit til verðbólgu. Bankinn leggur áfram áherslu á að lækka kostnað og er sjáanlegur árangur í lykilverkefnum bankans er snúa að skilvirkum rekstri og hagræðingu. Hins vegar, sé tekið tillit til einskiptisliða, lækkaði stjórnunarkostnaður um 3% eða raunlækkun um 7%.
- *Laun og launatengd gjöld* námu 13,4 ma. kr., sem er hækkun um 2,1% á milli ára. Aukninguna má að nokkru rekja til þess að fjársýsluskattur á laun er nú hluti af þessum lið, en skatturinn hækkaði í 6,75% úr 5,45% árið 2012. Launagreiðslur fyrir samstæðuna á árinu námu 10,2 ma. kr. samanborið við 10,1 ma. kr. 2012.
- Meðalfjöldi stöðugilda samstæðunnar var 1.265 yfir tímabilið, en starfsmönnum hefur fækkað um 7% frá 2012. Heildarlaun eru reiknuð af meðalfjölda stöðugilda samstæðunnar.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 1.056 yfir tímabilið, sem er 6% fækkun frá sama tíma 2012.
- *Annar rekstrarkostnaður* hækkaði um 6% á milli ára, úr 11,5 ma. kr. 2012 í 12,2 ma. kr. 2013. Hins vegar, sé tekið tillit til einskiptisliða, lækkaði annar rekstrarkostnaður um 8% eða raunlækkun um 12%.
- Heildar rekstrarkostnaður var 28,9 ma. kr. en vegna einskiptisliða hækkar heildarkostnaður um 7% á milli ára, sem gerir 3% hækkun m.t.t. verðbólgu.
- Virðisbreyting útlána og krafna var jákvæð um 16,3 ma. kr. á árinu (2012: 5,7 ma. kr.), en tekjufærsla vegna endurmats lána var mun hærri en sértæk virðisrýrnun á árinu.


SKATTAR OG GJÖLD TIL RÍKISSTOFNANA

- *Tekjuskattur* var 7,9 ma. kr. sem er 25,8% aukning frá 2012. Skattheimta hefur aukist töluvert á undanförunum árum, meðal annars með álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma. kr.
- *Bankaskattur* nam 2,3 ma. kr. á árinu (2012: 858 m. kr.). Skattprósentan hækkaði milli ára úr 0,041% af heildarskuldum síðastliðins árs í 0,375% af skuldum umfram 50 ma. kr.
- Fjársýsluskattur á laun hækkaði í 6,75% á fyrri árshelmingi úr 5,45% árið 2012 og var 778 m.kr. á árinu samanborið við 623 m.kr. árið 2012.
- Kostnaður greiddur til FME og umboðsmanns skuldara var 448 m.kr. samanborið við 483 m.kr. á sama tímabili 2012.
- *Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda* var 1 ma.kr. Framlagið sveiflast með heildarinnlánum og hlutfalli eigna í endurskipulagningu (LPA).
- Skattar og gjöld greidd til ríkis og stofnana námu samtals 12,4 ma. kr. á árinu, samanborið við 9,3 ma. kr. 2012. Þetta er hækkun um 34% á milli ára.


HAGNAÐUR/TAP AF AFLAGÐRI STARFSEMI

- *Hagnaður af aflagðri starfsemi* eftir skatta var 0,9 ma.kr., samanborið við 3,2 ma.kr. hagnað 2012. Það sem helst hefur áhrif á þennan lið er eignasafn Miðengis, dótturfélags bankans, og eins minni áhrif vegna leigutekna og tekna frá fullnustueignum.


VAXTAMUNUR %



STJÓRNUNARKOSTNAÐUR %




KOSTNAÐARHLUTFALL % (án einskiptisliða)



SKATTAR OG GJÖLD	2013	2012
	m.kr.	m.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjuskattur	7,866	6,253
Bankaskattur	2321	858
Fjársýsluskattur	778	623
FME og umboðsmaður skuldara	448	483
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta	1016	1055
Samtals	12,429	9,272


SKIPTING REKSTRARTEKNA %



REKSTRARREIKNINGUR – frh. HAGNAÐUR

- *Hagnaður eftir skatta* var 23,1 ma. kr. á árinu samanborið við 23,4 ma. kr. 2012.
- *Arðsemi eigin fjár* var 14,7% 2013 samanborið við 17,2% 2012. Lækkun arðsemi á milli ára er aðallega drifin af herra eigin fé, sem hefur hækkað um 14% á milli ára, eða frá 147 ma. kr. við lok desember 2012 í 170 ma. kr. við lok desember 2013.
- *Hagnaður af reglulegri starfsemi* nam 12,2 ma. kr. árinu samanborið við ISK 16,5ma. kr. 2012). Arðsemi af reglulegri starfsemi var 7,8% á árinu 2013.

HEILDAREIGNIR ISKm




EFTIRSKILPULAGNINGUR - EIGNIR

m.kr.	31/12/13	31/12/12	31/12/11	31/12/10	31/12/09
Handbært fé og innstæður hjá Sí	111,779	85,500	57,992	30,799	38,743
Afleiðusamningar	843	127	339	70	0
Skuldabréf og skuldagerningar	75,186	64,035	58,662	68,024	66,701
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	9,208	10,445	11,107	3,022	2,250
Útlán til lánastofnana	44,078	54,043	43,655	30,870	87,416
Útlán til viðskiptavina	554,741	557,857	564,394	515,161	489,611
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	1,563	503	1,070	354	827
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,772	5,579	5,276	5,419	3,828
Óefnislegar eignir	299	261	544	187	107
Tekjuskattsinnæign	1,275	864	2,629	283	84
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	47,106	39,046	42,690	23,489	19,014
Aðrar eignir	11,159	5,115	7,557	5,544	8,761
Eignir samtals	866,009	823,375	795,916	683,222	717,342


EIGNIR

- *Skuldabréf og skuldagerningar* voru 75 ma. kr. við lok tímabilsins, og samanstanda aðallega af ríkisskuldabréfum útgefnum af G5 ríkjum sem eru í lausafjár safni bankans.
- *Hlutabréf og eiginfjárgerningar* voru 9,2 ma. kr. við lok tímabilsins, sem er lækkun frá 11,1 ma. kr. í lok desember 2012. Breytingin stafar að stærstum hluta af sölu hluta bankans í Icelandair og N1.
- *Lán til viðskiptavina* námu 554,7 ma. kr. (2012: 557,9 ma. kr.). Aukning í lánasafni var 3% á seinni árshelmingi. Þrátt fyrir um 100 ma. kr. í nýjar lánveitingar á öllu árinu nema uppgreiðslur hærri fjárhæðum þar sem viðskiptavinir nýta það svigrúm sem gefst til að greiða upp skuldir. Endurskipulagningarverkefni sem hafa leitt til yfirtöku fyrirtækja hafa einnig lækkað útlánatöluna þar sem lán til fyrirtækja í eigu bankans eru ekki sýnd í samstæðureikningnum.
- Endurskipulagningu stærstu fyrirtækjaútlána lauk á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að endurskipulagningu þess sem eftir stendur verði lokið fyrir árslok 2014.
- Gæði útlána héldu áfram að aukast en LPA hlutfallið var komið í 8% við árslok, samanborið við 14% 2012 og 23% árið 2011.
- Hlutfall lána í meira en 90 daga vanskilum var 4%, samaborið við 8% við árslok 2012.
- *Fastafjármunir til sölu* hækkuðu í 47,2 ma. kr. (2012: 39,0 ma. kr.), eða um 21% milli ára.
- *Heildareignir* bankans námu 866 ma. kr. við lok tímabilsins, samanborið við 823 ma. kr. við lok 2012, sem er hækkun um 5,2%.

LÁN Í ENDURSKIPULAGNINGU (LPA) %



ÚTLÁN TIL VIÐSKIPTAVINA %, eftir geirum 31.12.13



EFNAHAGSRREIKNINGUR – SKULDIR

m.kr.	31/12/2013	31/12/2012	31/12/2011	31/12/2010	31/12/2009
Afleiðusamningar og skortstöður	11,176	18,435	13,373	9,519	7,332
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	29,688	38,272	62,845	96,238	139,092
Innlán viðskiptavina	489,331	471,156	462,943	327,158	339,659
Lántaka	89,193	66,571	63,221	55,425	69,267
Víkjandi lán	21,890	23,450	21,937	21,241	24,843
Skattskuldir	10,806	2,052	2,670	9,024	5,181
Tekjuskattsskuldbinding	20	20	17	18	354
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	9,456	6,805	7,317	16,442	16,905
Aðrar skuldir	37,130	48,954	37,889	26,694	22,985
Skuldir samtals	698,691	675,715	672,212	561,759	625,618
Eigið fé samtals	167,319	147,660	123,703	121,463	91,724
Heildarskuldir og eigið fé	866,009	823,375	795,915	683,222	717,342


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- *Innlán viðskiptavina* hafa verið stöðug og voru 489,3 ma. kr., samanborið við 471,2 ma. kr. við lok 2012. Hlutfall innlána á móti útlánnum var 86,7% (desember 2012: 83,3%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum til viðskiptavina hækkaði í 88,2% (desember 2012: 84,5%).
- *Innlán lánastofnana og SÍ* lækkuðu úr 29,7 ma. kr. úr 38,3 ma. kr. milli ára en slík innlán eru kvikari og flökta á milli tímabila.
- *Lántaka* nam 89,2 ma. kr. (desember 2012: 66,6 ma. kr.) sem er 34% hækkun á milli ára. Þar af námu sértryggð skuldabréf 23,3 ma.kr. og víxlar 8,5 ma. kr.
- *Víkjandi lántaka* bankans nam 21,9 ma. kr. Þar er um að ræða Tier 2 skuldabréf að fjárhæð 138 m. evra.
- *Heildarskuldir* námu 698,7ma. kr. samanborið við 675,7 ma. kr. við lok árs 2012, sem er hækkun um 3,3%.
- *Eigið fé* bankans nam 167 ma. kr., sem er hækkun um 14% á milli ára.
- Eiginfjárlutfall bankans er áfram sterkt í 28,4% (desember 2012: 25,5%). Þar af var eiginfjárlutfall A (Tier 1) 25,1% samanborið við 22,0% í lok árs 2012.


FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Basel III lausafjárlutfallið (LCR) var 120% í árslok, samanborið við lagalegt lágmark sem er 70% frá og með 01.01.2014.
- Íslandsbanki undirritaði á árinu grunnlýsingu vegna útgáfu skuldabréfa í erlendri mynt (Global Medium Term Note Programme – GMTN) að jafnvirði 250 milljónir bandaríkjadala.
- Í desember lauk bankinn sínu fyrsta erlenda skuldabréfaútbóði að upphæð 500 m. sænskra króna eða sem nemur 9,1 ma. kr. Alls tóku yfir 40 fjárfestar frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi þátt í útbóðinu en umframeftirspurn var eftir bréfunum.
- Íslandsbanki hefur fest sig í sessi sem stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á Íslandi, og hefur alls gefið út 23 ma. kr. frá því bankinn fyrstur fjármálfyrirtækja eftir hrún gaf út skráð verðbréf í desember 2011. Bankinn hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og stefnir á að gefa út slík bréf fyrir um 10 ma. kr. árlega. Íslandsbanki var fyrstur til að skrá víxla í kauphöll Íslands í febrúar 2013 og markaði mikilvægt skref í að fjölga stoðum í fjármögnun bankans.

INNLÁNAHLUTFALL



EIGINFJÁRLUTFÖLL



FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs á neðangreindum dagsetningum, þær eru birtar með fyrirvara um breytingar.

- Aðalfundur – 2. apríl 2014
- 1F14 – 22 maí 2014
- 2F14 – 21. ágúst 2014
- 3F14 – 20. nóvember 2014
- 4F14 – febrúar 2015

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl